

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1070/2010

2012/EES/12/28

frá 22. nóvember 2010

um breytingu á tilskipun 2008/38/EB með því að bæta í skrána yfir fyrirhugaða notkun því sérstaka næringarmarkmiði að styrkja efnaskipti í liðamótum þegar um er að ræða slitgigt hjá hundum og köttum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fódurs á markað
og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og
ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun
ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/
EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun
framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr.
10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009
barst framkvæmdastjórninni umsókn um að bæta því
sérstaka næringarmarkmiði „að styrkja efnaskipti í
liðamótum þegar um er að ræða slitgigt“ hjá hundum
og köttum í skrána yfir fyrirhugaða notkun fódurs
sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota í B-hluta
I. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
2008/38/EB frá 5. maí 2008 um gerð skrár yfir fyrirhugaða
notkun fódurs með sérstök næringarmarkmið í huga ⁽²⁾.
Framkvæmdastjórnin kom umsókninni, þ.m.t. málsskjöl,
á framfæri við aðildarríkin.

- 2) Í málsskjölunum, sem eru með umsókninni, er sýnt
fram á að hin tiltekna samsetning fódursins þjóni því
sérstaka næringarmarkmiði sem stefnt er að og að fódrið
hafi engin skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna, á
umhverfið eða velferð dýra. Umsóknin er því gild og
hinu sérstaka næringarmarkmiði „að styrkja efnaskipti í
liðamótum þegar um er að ræða slitgigt“ hjá hundum og
köttum skal bætt í skrána um fyrirhugaða notkun.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 2008/38/EB til samræmis við
það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið
og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur
andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

I. viðauka við tilskipun 2008/38/EB er breytt í samræmi við
viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist
í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 306, 23.1.2010, bls. 42. Hennar
var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2011 frá 2.
desember 2011 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við
EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 62, 6.3.2008, bls. 9.

VIÐAUKI

Í B-hluta I. viðauka við tilskipun 2008/38/EB bætist eftirfarandi lína við á milli línunnar með sérstöku næringarmarkmiðunum „Stuðningur við starfsemi húðar vegna húðsjúkdóms og mikils hármíssis“ og línunnar með sérstöku næringarmarkmiðunum „Að draga úr hættu á doða“:

Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiðum	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
„Að styrkja efnaskipti í liðamótum þegar um er að ræða slitgigt	<p>Hundar:</p> <p>Þurrefni skal innihalda a.m.k. 3,3% af omega-3 fitusýrum samanlagt og a.m.k. 0,38% af eikósapentensýru (EPA) samanlagt.</p> <p>Fullnægjandi innihald E-vítamíns.</p> <p>Kettir:</p> <p>Þurrefni skal innihalda a.m.k. 1,2% af omega-3 fitusýrum samanlagt og a.m.k. 0,28% af dókósahehexensýru (EPA) samanlagt.</p> <p>Aukið innihald meþíóníns og mangans.</p> <p>Fullnægjandi innihald E-vítamíns.</p>	Hundar og kettir	<p>Hundar:</p> <p>—Heildar omega-3 fitusýrur</p> <p>—Heildar EPA</p> <p>—Heildar E-vítamín</p> <p>Kettir:</p> <p>—Heildar omega-3 fitusýrur</p> <p>—Heildar DHA</p> <p>—Heildar meþíónín</p> <p>—Heildar mangan</p> <p>—Heildar E-vítamín</p>	Allt að 3 mánuðir til að byrja með	Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“